

LÖGFRÆÐI

BA | ML | PhD



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN-LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Lagadeild HR er rökréttur fyrsti valkostur þeirra sem vilja stunda vandað og framsækið laganám hér á landi. Lagadeild HR leggur mikla áherslu á virk og veruleg tengsl við atvinnulífið m.a. með þátttöku sérfræðinga úr atvinnulífinu í kennslu, með starfsnámi og samspili bóklegs náms og raunhæfra verkefna. Þessi tengsl eru liður í að búa nemendur sem best undir þátttöku í atvinnulífinu að námi loknu.

Peir sem ljúka meistaranámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.

Nemendur sem hefja nám við lagadeild HR byrja almennt á 3ja ára grunnnámi til BA-gráðu (180 ECTS). Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestrum og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda. Að grunnnámi loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára (120 ECTS) framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði, ML. Einnig stendur nemendum til boða að ljúka 3ja ára (180 ECTS) doktorsnámi við deildina.

SÉRSTAÐA LAGANÁMS Í HR

- Metnaðarfullt og nútímalegt grunnnám sem byggir á endurskilgreiningu á grunnmenntun lögfræðinga m.a. til að mæta þörfum atvinnulífsins.
- Nemendur fá markvissa þjálfun í beitingu lögfræðilegrar aðferðarfræði.
- Viðtækt námsmat m.a. í formi miðannarþrófa og raunhæfra verkefna.
- Nemendafjöldi takmarkaður sem tryggir góða þjónustu og persónuleg tengsl nemenda og kennara.
- Nemendum á 1. ári stendur til boða að taka þátt í leshópum þar sem meistaranemar aðstoða nýnema í að þjálfra og efla skilning og fræðilega þekkingu á efninu.
- Fullbúinn dómsalur sem nemendur hafa til afnota í raunhæfum málflytningsæfingum.
- Mikil áhersla á gæði kennslu.
- Mikil val um áherslur og námsleiðir.
- Einstaklingsbundin námsáætlun í meistaranámi.
- Nemendur fá aðgangskort að skólanum sem er opinn allan sólarhringinn.

RAUNHÆF VERKEFNI OG VALNÁMSKEIÐ

- Strax á 1. ári taka laganemar þátt í nýsköpunarnámskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja.
- Á vorönn á 2. ári er málflytningsnámskeið sem miðar að því að þjálfra nemendur í skjalagerð, ræðumennsku og málflytningi.
- Á vorönn á 3. ári er nemendum gefinn kostur á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar í gegnum valnámskeið.

FERÐ LAGANEMA TIL BRUSSEL

Evrópuréttur er eitt af kjarnafögum lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Á hverju ári fara nemendur í Evrópurétti í námsferð til Brussel, þar sem stofnanir Evrópusambandsins og EFTA eru heimsóttar.

BA Í LÖGFRÆÐI

3ja ára nám, 180 ECTS einingar



1. ÁR HAUSTÖNN

Aðferðafræði – 10 ECTS
Fjármunaréttur I – Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar – 10 ECTS
Stjórnskipunarréttur – 10 ECTS

VORÖNN

Félagaréttur – 8 ECTS
Fjármunaréttur II – Kröfuréttur, síðari hluti – 8 ECTS
Stjórnsýsluréttur – 8 ECTS
Nýsköpun og stofnun fyrirtækja – 6 ECTS

2. ÁR HAUSTÖNN

Réttarfar – 10 ECTS
Fjármunaréttur III – Bótaréttur – 8 ECTS
Evrópuréttur – 8 ECTS
Fjölskyldu- og erfðaréttur – 4 ECTS

VORÖNN

Fjármunaréttur IV – Eignaréttur – 8 ECTS
Refsiréttur – 8 ECTS
Samkeppnisréttur – 8 ECTS
Fjármunaréttur V –
Raunhæft máflutningsverkefni – 6 ECTS

3. ÁR HAUSTÖNN

Viðskipti með fjármálagerninga – 8 ECTS
Skattaréttur – 8 ECTS
Þjóðaréttur – 8 ECTS
Hugverkaréttur – 6 ECTS

VORÖNN

Aðferðafræði lögræðinnar II: Réttarheimspeki 7,5 ECTS
Sakamálaréttarfar 7,5 ECTS

Nemendum gefst kostur á að velja tvær af eftirtöldum **valgreinum** í lögræði*.
Hver grein vegur 7,5 ECTS.

Bókhald og greining ársreikninga
Enskt lagamál
Fjármagnsfélög – hlutafélagaréttur
Fullnusturéttarfar
Kauparéttur
Lagadanska
Lagafranska
Vinnuréttur
BA-ritgerð getur komið í stað tveggja valgreina – 15 ECTS

*Nemendum er heimilt, að fengnu samþykki lagadeildar, að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra innlendra háskóla í stað ofangreindra valgreina.

ML Í LÖGFRÆÐI

2ja ára nám, 120 ECTS einingar

RANNSÓKNARTENGT FRAMHALDSNÁM

Skipulag námsins einkennist af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Almennert er gert ráð fyrir að námið taki tvö ár, þ.e. fjórar annir, en því ber að ljúka innan 3ja ára.

Í rannsóknartengdu námi er lykilatriði að njóta leiðsagnar kennara sem sjálfir hafa lokið vísindalegu rannsóknarnámi. Flestir þeirra hafa að loknu embættisprófi lokið framhaldsnámi í lögfræði við virta erlenda háskóla og í hópi þeirra kennara sem veita leiðsögn í meistaranáminu eru doktorsmenntaðir lögfræðingar sem nú starfa við kennslu og rannsóknir innan lagadeildar HR.

VAL UM ÁHERSLUR OG NÁMSLEIÐIR, SÉRHÆFING

Eitt af meginéinkennum meistaranámsins er fjölþætt val um áherslur og námsleiðir, sem veitir mikla möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar. Kjörgreinar og málstofur eru að jafnaði 7,5 ECTS einingar og velja nemendur fjögur námskeið á önn en auk þess verða nemendur að skrifa 30 eða 60 ECTS eininga meistaraþrófsritgerð. Að öðru leyti ákveður nemandi sjálfur inntak og samsetningu námsins.

Eftirtaldir námsþættir geta skilað nemendum einingum í meistaranámi:

- Pátttaka í hefðbundnum námskeiðum.
- Málstofur sem tengjast rannsóknarverkefnum kennara.
- Nám við erlenda háskóla.
- Starfsnám sem er skipulagt í samvinnu deildarinnar annars vegar og stofnana og fyrirtækja hins vegar.
- Meistaraþrófsritgerð.

ÁHERSLUSVIÐ

Í meistaranáminu er sérstök áhersla lögð á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:

- Alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta
- Dómstóla og málflytninga
- Fjármunaréttar

MEISTARAÞRÓF AF ALPJÓÐASVIÐI

Lagadeild HR býður nemendum að ljúka meistaraþrófi af alþjóðasviði. Til að nemandi teljist hafa lokið námi af alþjóðasviði verður hann að ljúka að lágmarki 45 ECTS einingum í kjörgreinum eða málstofum á alþjóðasviði og ennfremur að skrifa meistaraþrófsritgerð á því sviði.

HLUTI NÁMS VIÐ ERLENDA HÁSKÓLA

Lagadeild HR er í samstarfi við fjölda erlendra háskóla og stendur nemendum til boða að ljúka allt að 60 ECTS einingum í meistaranámi, við erlenda háskóla, á grundvelli nemendaskiptasamninga eða á öðrum forsendum og þá að fengnu samþykki lagadeildar.

MEISTARAÞRÓF ÁN GRUNNNÁMS Í LÖGUM


Meistaranám við lagadeild HR, er ekki einskorðað við nemendur sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði, heldur geta nemendur með háskólapróf í öðrum greinum lokið meistaraþrófinu. Þannig geta þeir sem hafa lokið háskólaprófi í viðskiptafræði, hagfræði, lækni-fræði, hjúkrunarfræðum, stjórn málafræði svo nokkur dæmi séu nefnd, lokið meistaraþrófi í lögfræði.

INNTÖKUSKILYRÐI

BA-próf eða önnur sambærileg háskólagráða í lögfræði. BA, BSc eða sambærileg gráða í annarri námsgrein en lögfræði.

UMSÓKNARFRESTUR Í MEISTARANÁM

Almennur umsóknarfrestur fyrir þá nemendur sem hyggjast hefja meistaranám að hausti er frá miðjum febrúar til og með 30. apríl. Heimilt er að veita umsóknum móttöku eftir þá dagsetningu, ef sérstaklega stendur á.



DÆMI UM NÁMSKEIÐ ER FALLA AÐ ÁHERSLUSVIÐUM OG EVRÓPURÉTTI:

ALPJÓÐALÖG OG ALPJÓÐAVIDSKIPTI	KJÖRGREINAR Á SVIÐI EVRÓPURÉTTAR	DÓMSTÓLAR OG MÁLFLUTNINGUR	FJÁRMUNARÉTTUR
Advanced Legal English	Evrópuréttur II - Internal Market	Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar	Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar
Alþjóðlegur skattaréttur I og II	Evrópskur fjölmiðlaréttur	Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála	Starfsemi lánastofnana – Fortíð, nútíð og framtíð
Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála	Evrópuréttur IV/State Aid	Auðgunar- og efnahagsbrot	Evrópskur félagaréttur
Alþjóðaviðskipti	Evrópskur verðbréfamarkaðsréttur	Gagnaöflun og málflytingur í einkamálum	Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða
Alþjóðleg lausafjárkaup	Evrópuréttur á sviði fjármagnsmarkaða	Hlutverk verjanda í opinberum málum	Hagnýtur samningaréttur
Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar	Evrópskur félagaréttur	Lagasetning	Kaup á fyrirtækjum, samruni – áreiðanleikakannanir
Alþjóðlegur refsiréttur	Evrópskur lyfjaréttur	Alþjóðlegur refsiréttur	Málstofa í bótarétti
International and European Energy Law	EU Constitutional Law	Ofbeldis- og fíkniefnabrot	Málstofa um evrópskan samningarétt
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Málstofa um evrópskan samningarétt	Skuldaskilaréttur	Stjórnhættir hlutafélaga

DOKTORSNÁM Í LÖGFRÆÐI – PhD

3ja ára nám, 180 ECTS einingar



Lagadeild Háskólans í Reykjavík býður doktorsnám í lögum. Við lagadeild starfa þrír doktorsmenntaðir kennarar sem uppfylla hæfiskröfur til að starfa sem aðal-leiðbeinendur í doktorsnámi. Doktorsnám er fullt nám í þrjú ár en gert er ráð fyrir að námstíminn sé fjögur ár ef nemandi sinnir kennslu eða öðrum störfum með náminu.

Doktorsnám við lagadeild HR miðar að því að þjálfa doktorsnema til rannsóknar- og kennslustarfa og annarra starfa sem krefjast mikillar vísindalegrar þjálfunar og þekkingar. Náminu er ætlað að dýpka fræðilega og aðferðafræðilega þekkingu doktorsnema í því skyni að gera þá hæfa til að vinna sjálfstætt og ígrundað á fræðasviðinu. Við deildina eru nú tveir doktorsnemar við nám.





LÖGRÉTTA

– FÉLAG LAGANEMA VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Markmið félagsins er einkum að efla fræðastarf á sviði lögfræði jafnt innan lagadeildarinnar sem utan hennar. Lögrétta stendur vörð um hagsmunamál félagsmanna og er tengiliður milli nemenda og stjórnenda deildarinnar en formaður Lögréttu situr fyrir hönd laganema deildarfundi lagadeildar og gætir hagsmuna þeirra.

Á vegum Lögréttu starfar málfundafélag Lögréttu sem stendur fyrir málfundum um lagaleg málefni sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. Þá gefur félagið út Tímarit Lögréttu sem er ritrýnt fræðatímarit á sviði lögfræði.

Félagið sér laganemum einnig fyrir fjöregu skemmtanalífi en fastir liðir í félagslífi laganema eru Humarhátíðin, Þingvallaferð og árshátíð auk nær vikulegra vísindaferða.

Nánari upplýsingar um félagið, myndir og fleira má finna á heimasíðu þess: www.logretta.is

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF LÖGFRÓÐS

Laganemar við Háskólann í Reykjavík veita einstaklingum endurgjaldslausa lögfræðilega ráðgjöf. Ópið er alla miðvikudaga frá kl. 17-20 í aðalinngangi Háskólans í Reykjavík (Sólinni), Menntavegi 1, 101 Reykjavík. Einnig er hægt er að hafa samband símleiðis í síma 777 8409 eða senda fyrirspurn á netfangið logfrodur@hr.is Heimasíða Lögfróðs er logfrodur.hr.is

ALUMNI FÉLAG LAGAEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Félagið var stofnað 11. nóvember 2010. Tilgangur þess er margþættur:

- Að stuðla að uppbyggingu og þróun laganáms við lagadeild HR.
- Að standa vörð um hagsmuni útskrifaðra nemenda og lagadeildar Háskólans í Reykjavík í hvívetna.
- Að efla tengsl og samstarf nemenda sem útskrifast hafa með meistaraþróf í lögum frá lagadeild Háskólans í Reykjavík.
- Að efla og hvetja félagsmenn til þátttöku í faglegri umræðu um lögfræðileg málefni og hvetja félagsmenn til að taka þátt í rannsóknum í lögfræði.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu lagadeildar.



„Laganám við HR hefur reynst mér góður og sterkur grunnur fyrir störf mín á lögmannsstofu að námi loknu. Þær miklu kröfur sem þar eru gerðar og áhersla á úrlausn raunhæfra verkefna hefur einkum reynst mér vel í starfi. Ég mæli hiklaust með laganámi við Háskólann í Reykjavík“

*Halldór Brynjar Halldórsson, hdl.
Starfar sem fulltrúi hjá LOGOS
lögmannsþjónustu.*

„Haustið 2005 steig ég mín fyrstu skref innan veggja Háskólans í Reykjavík. Ég hafði þá nýlokið BA-prófi í sálfræði og hugðist leggja stund á meistaranám í lögfræði (ML) Mér leið strax vel og fann að námið átti vel við mig. Áhugi minn á heimi lögfræðinnar kviknaði fljótt og þá varð ekki aftur snúið. Að meistaranáminu loknu ákvað ég að skrá mig í BA-námið í lögfræði. Í janúar 2010 útskrifaðist ég svo með fullnaðarpróf í lögum. Í laganáminu í HR er mikil áhersla lögð á að nemendur geti leyst raunveruleg vandamál. Í dag starfa ég við Héraðsdóm Reykjavíkur sem aðstoðarmaður dómara og hefur þessi áhersla á raunhæf verkefni reynst mér einstaklega vel sem undirbúningur fyrir heim lögfræðinnar.“

*Kolbrún Birna Árdal, ML
Starfar sem aðstoðarmaður dómara
við Héraðsdóm Reykjavíkur.*

Nánari upplýsingar:



Jóna K. Kristinsdóttir
Skrifstofustjóri
jonak@hr.is
Sími 599 6407